

Kortavelta erlendra ferðamanna í janúar:

## Minni kortavelta á hvern erlendan ferðamann í janúar

Í janúar nam erlend greiðslukortavelta 17 milljörðum króna samanborið við 12 milljarða í sama mánuði í fyrra. Um er að ræða tæplega helming aukningu frá janúar 2016. Þó um töluverða aukningu sé að ræða jókst kortaveltan ekki í sama hlutfalli og fjöldi þeirra ferðamanna sem sóttu Ísland heim í mánuðinum. 136 þúsund ferðamenn komu til landsins um Leifsstöð í janúar eða 75% fleiri en í sama mánuði í fyrra og var kortavelta á hvern ferðamann því tæplega 15% lægri í janúar síðastliðnum samanborið við janúar í fyrra. Gengi krónunnar hefur styrkst töluvert undanfarið ár en ef sama breyting frá janúar í fyrra er reiknuð í bandaríkjadal dróst kortavelta á hvern ferðamann einungis saman um tvö prósent. Þá hefur verðlag ferðaþjónustufurða farið hækkandi undanfarna tólf mánuði en sem dæmi hækkaði verð gistiþjónustu um 11% frá janúar í fyrra, veitingastaða um 5% og pakkaferða innanlands um 13% mælt í íslenskum krónum. Af þessu má ráða að Íslandsferð í janúar síðastliðnum var töluvert dýrari fyrir erlenda ferðamenn en sambærileg ferð í janúar í fyrra og kann það að útskýra neyslubreytingar að hluta.

Kortavelta í flokknum ýmis ferðaþjónusta, sem inniheldur ýmsar skipulagðar ferðir og starfsemi ferðaskrifstofa nam rúmum þremur milljörðum í janúar, 44% meira en í janúar í fyrra. Greiðslukortavelta flokksins er jafnan fjörug í byrjun árs enda eru margar skipulagðar ferðir pantaðar og greiddar fyrirfram. Í janúar var þessi útgjaldaliður næst veltuhæstur í tölum um kortaveltu erlendra ferðamanna á eftir farþegaflutninga og velti hærri fjárhæðum en gistiþjónusta sem jafnan vermir annað sætið.

Erlendir ferðamenn greiddu í janúar 57,9% meira fyrir gistiþjónustu með kortum sínum en í sama mánuði í fyrra. Alls nam greiðslukortavelta til gististaða rúmum 2,9 milljörðum í janúar eða ríflega milljarði meira en í sama mánuði í fyrra. Upphæðin nú er ríflega tvöfalt hærri en árið 2015 og þrefalt hærri en árið 2014.

Greiðslukortavelta erlendra ferðamanna til bílaleiga jókst um 52,7% frá janúar í fyrra og nam 1,1 milljarði í mánuðinum. Þá nam greiðslukortavelta veitingaþjónustu tæpum einum og hálfum milljarði í janúar og var 56,4% meiri en í janúar 2016.

Í janúar greiddu erlendir aðilar 4,5 milljarða með kortum sínum fyrir flugsamgöngur samanborið við 3,2 milljarða í janúar í fyrra. Er um 43,6% aukningu að ræða á milli ára. Þó ársaukningin nú sé rífleg er hún nokkuð lægri en árshækkun milli sömu mánaða eins og hún hefur birst í tölum RSV undanfarið ár, en á milli árána 2015 og 2016 jókst velta flokksins 136%. Ekki er ótrúlegt að hluti þeirrar aukningar sem verið hefur á greiðslukortaveltu flokksins undangengna 12 mánuði hafi verið vegna aukinna erlendra umsvifa íslenskra flugfélaga í ársbyrjun 2016.

Erlend greiðslukortavelta í verslunum jókst um 45% í janúar frá sama mánuði í fyrra, eða sem nemur tæpum 1,7 milljarði kr.. Mest jókst veltan í dagvöruverslun og tollfrjálsri verslun, um 80% frá fyrra ári en minnst í annarri verslun, 12,9% og fataverslun 27,1%.

<i>janúar</i>	2016 <i>(millj. kr.)</i>	2017 <i>(millj. kr.)</i>	12 mán. Breyting <i>( % )</i>
Alls	11.626	17.393	49,6
1 Gistipjónusta	1.840	2.905	57,9
2 Veitingaþjónusta	936	1.464	56,4
3 Farþegaflutningar	3.275	4.703	43,6
4 Ýmis ferðaþjónusta	2.027	3.025	49,3
5 Bensín, viðgerðir og viðhald bifreiða	190	375	97,6
6 Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum	736	1.125	52,7
7 Menningar-, afþreyingar og tómstundastarfsemi	233	291	25,1
8 Ýmis önnur þjónusta	564	1.042	84,7
9 Verslun	1.158	1.680	45,0
10 Opinber gjöld o.fl.	7	11	64,5
20 Úttektir á reiðufé	659	771	16,9

### Talngögn – flokkuð eftir útgjaldaliðum

## Kortavelta eftir þjóðernum

Ef miðað er við fjölda erlendra ferðamanna um Keflavíkurflugvöll greiddi hver þeirra að jafnaði með greiðslukorti sínu fyrir 128 þús. kr. í janúar, eða um 7% meira en í desember. Það er um 15% lægri upphæð en í sama mánuði í fyrra.


Ferðamenn frá Kanada greiddu að jafnaði hæstar fjárhæðir með greiðslukortum sínum í janúar eða 227 þús. kr. á hvern ferðamann. Svisslendingar eru í öðru sæti með 213 þús. kr. á hvern ferðamann. Bandaríkjamenn koma þar næst með 187 þús. kr. á mann.

Velta eftir þjóðernum ræðst meðal annars af því hversu löng dvölin hér á landi er og hvort greitt hafi verið fyrir ferðina áður en komið er til landsins auk þess sem mismunandi er í hve miklum mæli ferðamenn greiða með greiðslukortum. Þá þarf að hafa í huga að tölur um fjölda ferðamanna um Keflavíkurflugvöll ná ekki til allra þeirra sem koma til landsins.

Í því talnaefni sem Rannsóknasetur verslunarinnar hefur yfir að ráða er nánar hægt að greina kortaveltu erlendra ferðamanna eftir útgjaldaliðum og þjóðerni.

janúar, 2017	Meðalvelta á ferðamann ( þús. kr. )
Alls	128
Bandaríkin	187
Bretland	81
Danmörk	184
Finnland	97
Frakkland	139
Holland	132
Ítalía	74
Japan	33
Kanada	227
Kína	88
Noregur	176
Pólland	22
Rússland	112
Spánn	77
Sviss	213
Svíþjóð	99
Þýskaland	129
Önnur lönd	144

## Greiðslukortavelta á hvern erlendan ferðamann eftir mánuðum



### Um kortaveltu ferðamanna

Rannsóknasetur verslunarinnar birtir mánaðarlega tölur um greiðslukortaveltu ferðamanna sundurliðaða eftir útgjaldaliðum og útgáfulandi korta. Gögnunum er enn fremur skipt eftir því hvort um er að ræða erlend eða innlend greiðslukort. Gögnin innihalda færslur bæði debet- og kreditkorta. Birtar eru upphæðir í íslenskum krónum ásamt hlutfallsbreytingum frá fyrri mánuði og sama mánuði fyrra árs.

Gögnin eru fengin frá innlendum færsluhirðingaraðilum, sundurliðuð eftir svonefndum MCC kóðum. MCC kóðarnir eru aftur greindir í flokka eftir því hvernig þeir eru taldir tengjast mismunandi greinum ferðaþjónustu. Gögnin lýsa kortaveltu eftir kauptímabilum (almanaksmánuðum) en ekki eftir uppgjörstímabilum.

Nánari upplýsingar veitir Árni Sverrir Hafsteinsson, [arni@bifrost.is](mailto:arni@bifrost.is) eða í síma 868-4341.